# YOUTUBE KIDS




- YouTube Kids er krakkaútgáfan af YouTube sem hönnuð er til að sýna barnvænna efni á miðlinum
- Miðillinn býður upp á efni af öllum toga s.s. teiknimyndir, barnatónlist, leiki, skapandi og fræðsluefni
- Foreldrar geta haft yfirsýn yfir barnaaðgöngum, stillt tímamörk og lokað á rásir og efni
- Mikilvægt er að hafa augun opin því óviðeginadi efni getur sloppið í gegnum síur og í sumum tilfellum er getur efnið litið út fyrir að vera barnvænt en skilaboðin ekki

Hlutfall notenda á aldrinum 10 - 13 ára á Íslandi

X

Aldurstakmark

L

Hlutfall notenda á aldrinum 14 - 16 ára á Íslandi

X

Youtube Kids er útgáfa af myndbandsveitunni YouTube sem er sérstaklega hönnuð fyrir börn. Miðillinn býður upp á valið myndefni, einfaldara viðmót og aukið foreldraeftirlit, með það að markmiði að gera upplifun barna öruggari.

# 3 staðreyndir um YouTube Kids

## Foreldrar stýra aðgangi og efni

Foreldrar geta valið stofnað aðgang sem hæfir aldri barnsins, takmarkað leitarmöguleika, samþykkt ákveðnar rásir eða myndbönd handvirkt og stillt hvers konar efni barnið getur séð.

## Algóritminn stýrir því hvaða myndband birtist næst

Þrátt fyrir aukið öryggi mælir YouTube Kids stöðugt með nýjum myndböndum út frá því sem notandinn hefur horft á áður, rétt eins og hið hefðbundna YouTube.

## Ekki fullkomlega öruggt

YouTube Kids er hannað til að takmarka aðgengi barna að skaðlegu efni en hönnunin er ekki gallalaust. Efni sem virðist barnvænt á yfirborðinu en er í raun óviðeigandi og jafnvel skaðlegt getur sloppið í gegnum síur veitunnar.